

# Ársreikningur 2021



Akraneskaupstaður

Aðalsjóður

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Áritun endurskoðenda .....	3-4
Áritun stjórnenda .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8-9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11-18
Rekstraryfirlit .....	19

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Aðalsjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2021. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Aðalsjóðs 31. desember 2021, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um að ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

## Aðalsjóður

### Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2022.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

---

Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi

## Áritun stjórnenda

---

Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir sjóðurinn beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.

Rekstrartekjur Aðalsjóðs á árinu námu 8.269 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 7.207,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,2514% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 576 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 70,1 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé Aðalsjóðs í árslok nam 8.981,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Ársreikningur Aðalsjóðs Akraneskaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Aðalsjóðs á árinu 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021.

Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning Aðalsjóðs fyrir árið 2021 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 13. apríl 2022.

**Bæjarráð:**

**Bæjarstjóri:**

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2021 Áætlun	2020
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Útsvar og fasteignaskattar .....		5.679.165.038	5.171.421.676	5.155.676.802
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		1.547.031.690	1.270.355.000	1.239.001.540
		<u>7.226.196.728</u>	<u>6.441.776.676</u>	<u>6.394.678.342</u>
Aðrar tekjur .....		1.042.715.984	765.599.958	714.387.999
	2,3,15	<u>8.268.912.712</u>	<u>7.207.376.634</u>	<u>7.109.066.341</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar .....	4	4.817.558.243	4.682.191.391	4.447.992.643
Lífeyrisskuldbinding .....	4	523.740.184	390.675.420	384.094.864
Annar rekstrarkostnaður .....	5	3.009.734.100	2.656.042.842	2.594.697.902
	2	<u>8.351.032.527</u>	<u>7.728.909.653</u>	<u>7.426.785.409</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði, (neikvæð) .....		(82.119.815)	(521.533.019)	(317.719.068)
<b>Fjármagnsliðir:</b>				
Fjármunatekjur .....		640.865.507	541.125.386	571.895.455
Fjármagnsgjöld .....		(32.588.088)	(45.045.150)	(28.326.289)
	2,6	<u>608.277.419</u>	<u>496.080.236</u>	<u>543.569.166</u>
Rekstrarafkoma fyrir aðra liði, jákvæð (neikvæð) .....		526.157.604	(25.452.783)	225.850.098
<b>Aðrir liðir:</b>				
Jöfnunarsjóðsframlög fyrra árs .....		95.900.568		11.893.907
Fasteignakaup vegna skipulags .....		(46.102.574)	(44.653.000)	
		<u>49.797.994</u>	<u>(44.653.000)</u>	<u>11.893.907</u>
<b>Rekstrafkoma ársins, jákvæð (neikvæð) .....</b>	<b>2,7,17</b>	<b><u>575.955.598</u></b>	<b><u>(70.105.783)</u></b>	<b><u>237.744.005</u></b>

## Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir:</b>				
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Hlutafé í félögum .....	8	229.252.631	227.547.941	
Stofnframlög og eignahlutir í félögum og stofnunum .....	9	6.745.585.520	6.686.383.520	
Langtímakröfur .....	10	1.575.996	1.988.128	
Langtímakröfur, eigin fyrirtæki .....	10	4.153.882.981	3.610.444.502	
Fastafjármunir	2	<u>11.130.297.128</u>	<u>10.526.364.091</u>	
<b>Veltufjármunir:</b>				
Birgðir .....		<u>545.692</u>	<u>602.599</u>	
Skammtímakröfur:				
Skatttekjur .....		598.706.580	376.576.737	
Þjónustutekjur og viðskiptakröfur .....		578.796.284	412.677.841	
Viðskiptakröfur, eigin fyrirtæki .....		8.808.071	48.450.774	
Aðrar skammtímakröfur .....		204.215.697	127.170.007	
Aðrar skammtímakröfur, eigin fyrirtæki .....		392.026	7.949.915	
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		420.713	196.518.642	
Næsta árs afborganir langtímakrafna, eigin fyrirtæki .....		231.435.408	192.139.258	
Fyrirframgreidd rekstrargjöld .....		28.225.520	32.811.984	
	11	<u>1.651.000.299</u>	<u>1.394.295.158</u>	
Handbært fé:				
Bankareikningar .....		1.276.251.133	1.670.127.806	
Sjóðir .....		86.725	74.462	
	2	<u>1.276.337.858</u>	<u>1.670.202.268</u>	
Veltufjármunir	2	<u>2.927.883.849</u>	<u>3.065.100.025</u>	
<b>Eignir utan efnahagsreiknings:</b>				
Lönd, lóðir og lausafjármunir .....	12			
<b>Eignir samtals</b>	<b>1</b>	<b><u>14.058.180.977</u></b>	<b><u>13.591.464.116</u></b>	

## 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir:			
	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé .....	13	<u>8.981.690.422</u>	<u>8.405.734.824</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	14	<u>3.817.402.624</u>	<u>3.684.161.432</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		512.818.521	491.380.797
Viðskiptaskuldir, eigin fyrirtæki .....		84.263.462	326.060.056
Ógreidd og áfallin launagjöld .....		375.925.172	335.428.477
Aðrar skammtímaskuldir og fyrirframgreiðslur .....		99.080.776	182.761.530
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar .....		<u>187.000.000</u>	<u>165.937.000</u>
		<u>1.259.087.931</u>	<u>1.501.567.860</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>5.076.490.555</u>	<u>5.185.729.292</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1</b>	<b><u>14.058.180.977</u></b>	<b><u>13.591.464.116</u></b>





## Skýringar

---

### Grundvöllur reikningsskilanna:

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður,

Til Aðalsjóðs telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Megintekjur sjóðsins eru skatttekjur, en hluti starfseminnar er fjármagnaður með þjónustutekjum, s.s. leikskólajöldum, aðgangseyri o.fl.

Viðskipti milli allra málaflokka Aðalsjóðs eru felld út í rekstrarreikningi. Um er að ræða innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

### Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

#### a. *Innlausn tekna*

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

#### b. *Færsla gjalda*

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### c. *Verðlags- og gengisviðmið*

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

#### d. *Eignahlutir í félögum og stofnunum*

Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði.

Eignarhlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. og Orkuveitu Reykjavíkur sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003.

Eignarhluti í Faxaflóahöfnum sf., er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við stofnun að viðbættum síðar keyptum eignarhlutum. Eignarhluti í Orkuveitu Reykjavíkur sf. er eignfærður miðað við hlutdeild í eigin fé félagsins í árslok 2006 eftir að Fráveita Akraness og Fráveita Reykjavíkur voru lagðar inn í félagið.

Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

## Aðalsjóður

### Skýringar, frh.:

e. *Langtímakröfur*

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 3-4% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysliverðs.

f. *Birgðir*

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

g. *Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign Aðalsjóðs, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

h. *Handbært fé*

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

i. *Eignir utan efnahagsreiknings*

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út, umferðarmannvirkjum og lausafjármunum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

j. *Lífeyrisskuldbinding*

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Aðalsjóðs er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

l. *Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

Fjárhagsáætlun Aðalsjóðs fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 17.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Í yfirliti hér að aftan er birt rekstraryfirlit málaflokka í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun.

Aðalsjóður

Skýringar, frh.:

Rekstrartekjur:

3. Rekstrartekjur greinast þannig:	2021	2021 Áætlun	2020
<i>Útsvör og fasteignaskattar</i>			
Útsvar .....	4.995.719.545	4.496.100.676	4.508.175.710
Fasteignaskattur .....	631.564.338	623.192.000	595.921.466
Lóðaleiga .....	51.881.155	52.129.000	51.579.626
	<u>5.679.165.038</u>	<u>5.171.421.676</u>	<u>5.155.676.802</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs</i>			
Framlag vegna fasteignaskatts .....	99.979.132	79.500.000	88.963.729
Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....	441.721.434	358.340.000	390.508.914
Framlög vegna grunnskóla .....	324.050.112	302.290.000	238.947.065
Framlög vegna málefna fatlaðra .....	606.182.374	451.525.000	430.889.985
Önnur framlög .....	75.098.638	78.700.000	89.691.847
	<u>1.547.031.690</u>	<u>1.270.355.000</u>	<u>1.239.001.540</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>7.226.196.728</u>	<u>6.441.776.676</u>	<u>6.406.572.249</u>
<i>Aðrar tekjur</i>			
Þjónustutekjur .....	565.925.981	503.557.303	462.569.065
Eignatekjur .....	81.741.845	104.386.351	14.696.486
Vörur og þjónusta til eigin nota .....	23.153.205	26.084.000	382.929
Endurgreiðslur .....	320.061.013	117.729.979	210.379.427
Aðrar tekjur .....	51.833.940	13.842.325	26.360.092
	<u>1.042.715.984</u>	<u>765.599.958</u>	<u>714.387.999</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>8.268.912.712</u>	<u>7.207.376.634</u>	<u>7.120.960.248</u>

4. Á árinu voru í starfi hjá Aðalsjóði um 825 starfsmenn sem skiluðu um 480 ársverkum. Launagjöld greinast þannig:

	2021	2021 Áætlun	2020
Föst laun .....	3.367.871.186	3.355.354.871	3.143.765.072
Yfirvinna .....	541.262.679	455.056.563	460.347.909
Launatengd gjöld .....	908.424.378	871.779.957	843.879.662
	<u>4.817.558.243</u>	<u>4.682.191.391</u>	<u>4.447.992.643</u>
Eftirlaun og lífeyrisskuldbinding .....	523.740.184	390.675.420	384.094.864
	<u>5.341.298.427</u>	<u>5.072.866.811</u>	<u>4.832.087.507</u>

Önnur rekstrargjöld:

5. Tegundir rekstrargjalda Aðalsjóðs greinast þannig:

Vörukaup og viðhaldsvörur .....	189.201.528	188.169.385	188.669.592
Prentun, fjarskipti og auglýsingar .....	29.312.754	30.987.155	28.899.078
Starfsmanna- og leigubifreiðar .....	20.554.715	20.521.654	16.838.926
Móttaka gesta, námskeið og ferða- og dvalarkostnaður .....	30.428.232	22.021.289	23.814.484
Sérfræðiþjónusta .....	176.977.672	109.774.612	161.451.129
Ýmis aðkeypt þjónusta .....	845.833.897	768.691.033	715.738.028
Leigugreiðslur .....	967.750.838	818.257.675	805.298.830
Orkukaup .....	74.645.941	70.947.713	69.573.959
Vátryggingar og opinber gjöld .....	15.289.599	15.679.888	14.893.282
Annar starfsmannakostnaður .....	25.524.224	19.803.501	19.311.767
Eignakaup, búnaður .....	0	535.050	508.990
Styrkir og framlög .....	629.884.534	584.874.937	542.564.622
Skaðabætur, niðurfærsla og afskriftir krafna .....	4.330.166	5.778.950	7.135.215
	<u>3.009.734.100</u>	<u>2.656.042.842</u>	<u>2.594.697.902</u>

Aðalsjóður

Skýringar, frh.:

Fjármagnsliðir:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2021	2021 Áætlun	2020
<i>Fjármunatekjur</i>			
Arður af eignahlutum .....	237.577.469	208.060.000	214.850.059
Vaxtatekjur .....	35.597.229	48.391.631	66.617.883
Vaxtatekjur eigin fyrirtækja .....	151.481.284	153.410.684	132.252.378
Verðbætur .....	1.940.615	4.241.790	14.503.954
Verðbætur eigin fyrirtækja .....	183.473.466	90.021.281	107.561.126
Ábyrgðargjald .....	30.795.444	37.000.000	36.110.055
	<u>640.865.507</u>	<u>541.125.386</u>	<u>571.895.455</u>
<i>Fjármagnsgjöld</i>			
Vaxtagjöld .....	1.405.314	1.400.000	965.340
Vaxtagjöld eigin fyrirtækja .....	757.993		863.008
Fjármagnstekjuskattur .....	5.497.699	26.645.150	15.335.677
Niðurfærsla og afskriftir .....	24.927.082	17.000.000	11.162.264
	<u>32.588.088</u>	<u>45.045.150</u>	<u>28.326.289</u>
Fjármagnsliðir samtals	608.277.419	496.080.236	543.569.166

Rekstraryfirlit málaflokka:

7. Yfirlit um rekstur málaflokka Aðalsjóðs er birt í yfirliti hér að aftan.

Fastafjármunir:

*Eignarhlutir í félögum og stofnunum*

8. Hlutabréf greinast þannig:	Eignarhluti %	Bókfært verð
Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf. ....	100,00	500.000
Háhití ehf. ....	100,00	500.000
Brim hf. ....	óverulegur	4.765.800
Próunarfélag Grundartanga ehf. ....	16,67	750.000
Landskerfi bókasafna hf. ....	1,06	1.440.079
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	2,41	213.285.000
Sorpurðun Vesturlands hf. ....	36,00	8.011.752
		<u>229.252.631</u>

9. Stofnframlög og eignahlutir í félögum og stofnunum greinast þannig:

Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili .....	90,0	323.872.417
Faxaflóahafnir sf. ....	10,779	971.408.882
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands .....	38,0	661.350
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi .....	36,0	6.491.697
Símenntunarmiðstöð Vesturlands .....	30,0	1.857.208
Heilbrigðisstofnun Vesturlands .....	15,0	63.628.731
Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf. ....	100,0	1.300.000.000
Orkuveita Reykjavíkur sf. ....	5,528	3.685.559.723
Húsnæðissjálfsveigarstofnanir og almennar íbúðir .....	12	392.105.512
		<u>6.745.585.520</u>

Aðalsjóður

Skýringar, frh.:

Verðbréf

10. Verðbréfaeign greinist þannig:

	Eigin bréf	Skuldabréf og langtímakröfur	Víkjandi skuldabréf	Samtals
Langtímakröfur í ársbyrjun .....	3.802.583.763	2.210.331	196.296.439	4.001.090.533
Veitt ný langtímalán .....	600.000.000			600.000.000
Afborganir ársins .....	(200.738.837)	(222.214)	(196.523.771)	(397.484.822)
Verðbætur .....	183.473.466	8.592	227.332	183.709.390
Langtímakröfur samtals .....	4.385.318.392	1.996.709	0	4.387.315.101
Næsta árs afborganir .....	(231.435.411)	(420.713)	0	(231.856.124)
	4.153.882.981	1.575.996	0	4.155.458.977

Vaxtakjör í árslok 2021 ..... 3-4% 0% og 5,5%

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	231.435.411	420.713		231.856.124
Árið 2023 .....	240.060.114	247.977		240.308.091
Árið 2024 .....	249.010.823	261.966		249.272.789
Árið 2025 .....	258.300.007	276.743		258.576.750
Árið 2026 .....	267.940.624	292.353		268.232.977
Síðar .....	3.138.571.413	496.957		3.139.068.370
	4.385.318.392	1.996.709	0	4.387.315.101

Óinnheimtar tekjur:

31.12.2021 31.12.2020

11. Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

Skatttekjur .....	598.706.580	376.576.737
Þjónustutekjur og viðskiptakröfur .....	578.796.284	412.677.841
	1.177.502.864	789.254.578
Niðurfærsla óinnheimtra tekna .....	(308.800.000)	(226.544.665)
Óinnheimtar tekjur að frádreginni niðurfærslu .....	868.702.864	562.709.913

Niðurfærsla óinnheimtar tekna greinist þannig:

	Útsvar	Aðrar kröfur	Samtals 2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	218.000.000	8.544.665	226.544.665	231.199.079
Afskrifaðar kröfur .....	(23.684.980)	(3.705.804)	(27.390.784)	(50.872.882)
Gjaldfærð niðurfærsla ársins .....	105.684.980	3.961.139	109.646.119	46.218.468
Niðurfærsla í árslok .....	300.000.000	8.800.000	308.800.000	226.544.665

Eignir utan efnahagsreiknings:

12. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tiltekna eignir Aðalsjóðs verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða lausafjármuni, byggingarland og umferðarmannvirki í eigu Akraneskaupstaðar sem keypt voru fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfærð í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað.

Vátryggingarmat lausafjármuna í árslok greinist þannig eftir málaflokkum:

	31.12.2021	31.12.2020
Félagsmál .....	30.196.000	32.370.000
Fræðslu- og uppeldismál .....	455.287.000	688.244.000
Menningarmál .....	288.015.000	296.479.000
Æskulýðs- og íþróttamál .....	332.813.000	385.968.000
Brunamál og almannavarnir .....	81.530.000	92.028.000
Sameiginlegur kostnaður .....	343.734.000	339.890.000
	1.531.575.000	1.834.979.000

Aðalsjóður

Skýringar, frh.:

Eigið fé:

13. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé í ársbyrjun .....	8.405.734.824	8.167.990.819
Rekstarafkoma ársins, jákvæð .....	575.955.598	237.744.005
	<u>8.981.690.422</u>	<u>8.405.734.824</u>

Lífeyrisskuldbinding:

14. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar og B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á mati tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 179 millj. kr., að viðbætti sérstakri innborgun 190,4 millj. kr., er færð til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni á árinu greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	4.706.091.267	4.499.345.265
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	641.920.508	362.681.553
Greiddur lífeyrir .....	<u>(178.995.177)</u>	<u>(155.935.551)</u>
	5.169.016.598	4.706.091.267
Innborganir og vextir til lækkunar lífeyrisskuldbindingu árin 2013-2021 .....	<u>(1.164.613.974)</u>	<u>(855.992.835)</u>
	4.004.402.624	3.850.098.432
Áætluð næsta árs greiðsla .....	<u>(187.000.000)</u>	<u>(165.937.000)</u>
	<u>3.817.402.624</u>	<u>3.684.161.432</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2022-2026 / 2021-2025 .....	908.930.000	872.200.000
Árin 2027-2031 / 2026-2030 .....	764.260.000	716.600.000
Árin 2032-2036 / 2031-2035 .....	727.590.000	777.700.000
Síðar .....	<u>1.603.622.624</u>	<u>1.483.598.432</u>
	<u>4.004.402.624</u>	<u>3.850.098.432</u>

Önnur mál:

15. Tekjustofnar og þjónustugjöld sveitarfélagsins voru þannig á árinu:

	2021	2020
	Hundraðs- hluti	Hundraðs- hluti
Útsvar .....	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur a, íbúðarhúsnæði .....	0,2514%	0,2407%
Fasteignaskattur b og atvinnuhúsnæði .....	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur c og atvinnuhúsnæði .....	1,4%	1,4%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði, sem hlutfall af fasteignamati lóðar .....	0,3034%	0,3034%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði, sem hlutfall af fasteignamati lóðar .....	1,199%	1,1990%
	Krónur pr. fermetra	Krónur pr. fermetra
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði .....	13,71	13,45
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði .....	49,30	48,38
Lóðarleiga hafnarsvæði .....	196,01	192,34
	Krónur pr. einingu	Krónur pr. einingu
Sorphreinsunargjald, íbúðarhúsnæði .....	19.256	18.786
Sorpeyðingargjald, íbúðarhúsnæði .....	16.422	16.021

## Aðalsjóður

16. Aldursdreifing íbúa á Akranesi 1. desember:	Breyting milli ára	2021	2020
0-6 ára .....	(1,16%)	682	690
7-15 ára .....	2,0%	1.046	1.025
16-18 ára .....	4,1%	306	294
19-66 ára .....	2,2%	4.699	4.599
67 ára og eldri .....	4,5%	1.105	1.057
	2,3%	<u>7.838</u>	<u>7.665</u>



## Aðalsjóður

### Skýringar, frh.:

#### 17. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sjóðsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða .....	78.941.000	(149.046.000)	(70.105.000)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur .....	(94.263.000)		(94.263.000)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	390.675.000		390.675.000
Veltufé frá rekstri	<u>375.353.000</u>	<u>(149.046.000)</u>	<u>226.307.000</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, breyting .....	108.000.000		108.000.000
Skammtímaskuldir, breyting .....	(54.000.000)		(54.000.000)
Breytingar	<u>54.000.000</u>	<u>0</u>	<u>54.000.000</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>429.353.000</u>	<u>(149.046.000)</u>	<u>280.307.000</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Stofnframlög .....	(113.600.000)		(113.600.000)
Langtímakröfur, breyting .....	26.372.000		26.372.000
Langtímakröfur eigin fyrirtæki, breyting .....	(912.449.000)		(912.449.000)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(999.677.000)</u>	<u>0</u>	<u>(999.677.000)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Greidd lífeyrisskuldbinding .....	(201.847.000)		(201.847.000)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	257.941.000	(130.639.000)	127.302.000
Fjármögnunarhreyfingar	<u>56.094.000</u>	<u>(130.639.000)</u>	<u>(74.545.000)</u>
(Lækkun) á handbæru fé .....	(514.230.000)	(279.685.000)	(793.915.000)
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>1.311.681.000</u>		<u>1.311.681.000</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<u>797.451.000</u>	<u>(279.685.000)</u>	<u>517.766.000</u>

## Akraneskaupstaður

## Rekstraryfirlit árið 2021

Fjárhæðir eru í þús. kr.

	Tekjur	Laun og launatengd gjöld	Framlög og styrkir	Innri leiga/ þjónusta	Annar rekstrar- kostnaður	Fjármagns- liðir, nettó	Rekstrar- gjöld nettó	Rekstrar- niðurstaða	Endursk. áætlun	Frávik endursk. áætlun	Upphafleg áætlun	Frávik upphafleg áætlun
<b>Aðalsjóður:</b>												
00 - Skatttekjur .....	7.326.097							7.326.097	6.449.852	876.245	6.345.392	980.705
02 - Félagsþjónusta .....	286.262	965.787	270.468	108.745	475.833		1.820.833	(1.534.572)	(1.343.552)	(191.020)	(1.201.887)	(332.685)
03 - Heilbrigðismál .....					10.048		10.048	(10.048)	(11.507)	1.458	(8.153)	(1.895)
04 - Fræðslu- og uppeldismál .....	393.066	2.854.175	68.597	396.062	290.588		3.609.423	(3.216.357)	(3.251.466)	35.109	(3.145.999)	(70.358)
05 - Menningarmál .....	9.346	66.986	82.394	50.086	38.387		237.854	(228.508)	(239.772)	11.265	(232.834)	4.326
06 - Æskulýðs- og íþróttamál .....	367.580	460.292	314.270	325.845	112.313		1.212.720	(845.140)	(767.206)	(77.934)	(710.959)	(134.181)
07 - Brunamál og almannavarnir .....	53.958	107.755	6.277	16.907	19.203		150.141	(96.183)	(85.774)	(10.409)	(83.828)	(12.355)
08 - Hreinlætismál .....	110.729			10.586	97.852		108.438	2.290	(4.218)	6.508	(1.918)	4.208
09 - Skipulags- og byggingamál .....	70.473	54.485		2.137	111.556		168.177	(97.705)	(123.362)	25.657	(75.965)	(21.740)
10 - Umferðar- og samgöngumál .....	6.141		2.611	133.953	94.261		230.826	(224.684)	(259.656)	34.972	(259.656)	34.972
11 - Umhverfismál .....	20.048	17.227	3.000	9.420	58.584		88.231	(68.183)	(57.733)	(10.450)	(56.747)	(11.436)
13 - Atvinnumál .....	14.395	3.346	35.000	3.511	27.269		69.125	(54.730)	(59.977)	5.247	(32.050)	(22.680)
20 - Óráðstafað skv. áætlun .....							0		(6.546)	6.546	(121.391)	121.391
21 - Sameiginlegur kostnaður .....	77.596	323.470	18.825	35.127	196.999		574.420	(496.824)	(444.143)	(52.681)	(470.021)	(26.803)
22 - Áfallin lífeyrisskuldbinding .....		487.775					487.775	(487.775)	(361.126)	(126.649)	(361.126)	(126.649)
Málaflokkar samtals	<b>8.735.691</b>	5.341.298	801.442	1.092.379	1.532.893	0	<b>8.768.012</b>	<b>(32.322)</b>	(566.186)	533.864	(417.142)	384.820
28 - Fjármagnsliðir												
Vaxtagjöld .....						6.903	6.903	(6.903)	(28.045)	21.142	(28.045)	21.142
Vaxtagjöld, eigin fyrirtæki .....						758	758	(758)		(758)		(758)
Vaxtatekjur og arður .....						(280.984)	(280.984)	280.984	280.693	290	280.693	291
Vaxtatekjur, eigin fyrirtæki .....						(334.955)	(334.955)	334.955	243.432	91.523	243.432	91.523
	<b>8.735.691</b>	5.341.298	801.442	1.092.379	1.532.893	(608.277)	<b>9.376.290</b>	<b>575.956</b>	(70.106)	646.061	78.938	497.018
Þar af innri viðskipti	<b>(370.877)</b>		(181.479)	(185.399)	(3.999)		<b>(370.877)</b>					
Aðalsjóður samtals	<b>8.364.813</b>	5.341.298	619.963	906.980	1.528.894	(608.277)	<b>9.005.413</b>	<b>575.956</b>	(70.106)	646.061	78.938	497.018